

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

05. tbl. • Maí 2002

Delta hf. hlýtur Útflutningsverðlaun Forseta Íslands

Lyfjafyrirtækið Delta hf. hlaut nýlega Útflutningsverðlaun forseta Íslands. Robert Wessman, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, veitti verðlaununum viðtöku úr hendi Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, við hátíðlega athöfn á Bessastöðum.

Verðlaunin eru veitt í viðurkenningarskyni fyrir markvert framlag til eflingar útflutningsverslun og gjaldeyrisöflun íslensku þjóðarinnar. Úthlutunarreglur kveða á um að verðlaunin skuli veitt fyrirtækjum eða ein-



Ljós. Ragnar Th. Sigurðsson

staklingum, íslenskum eða erlendum fyrir árangursríkt starf að útflutningi á íslenskum vörum eða þjónustu á erlendum markaði. Veiting verðlaunanna tekur meðal annars mið af aukningu útflutningsverðmætis, hlutdeild útflutnings í heildarsölu og markaðssetningu á nýjum markaði.

Páll Sigurjónsson, formaður úthlutunarnefndar, sagði meðal annars í ávarpi sínu af þessu tilefni að Delta hf.

frh. bls. 3

Íslenska ánægjuvogin: Ölgerðin Egill Skallagrímsson í fyrsta sæti



Frá v. Brynhildur Bergþórsdóttir hjá Stjórnvísí, Guðmundur Hauksson hjá SPRON sem varð í þriðja sæti og Jón Dídrik Jónsson hjá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni sem varð í fyrsta sæti

Niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar fyrir árið 2001 voru kynntar nýverið en þetta er í þriðja sinn sem ánægja íslenskra viðskiptavina fjölda fyrirtækja er mæld með þessum hætti.

Að þessu sinni kom Ölgerðin Egill Skallagrímsson best út úr mælingunni en Ali (Síld og fiskur) fylgdi þar fast á eftir. Sparisjóðirnir eru nú í þriðja sæti og SS í því fjórða. Á síðasta ári voru sparisjóðirnir efstir á blaði, Ali (Síld og fiskur) í öðru sæti en Ölgerðin Egill Skallagríms-

frh. bls. 3

Meðal efnis:

Kenningar um kosti hárra vaxta
Ritstjórnargrein 2



Er virkni gæðastjórnunar í byggingariðnaði ábótavant 4

Er iðnmenntun óþörf?
Málþing 6-7

Bætt verklag við opinber útboð 8

Skráning þekkingarverðmæta og þekkingarreikningskil 9

Kenningar um kosti hárra vaxta

Sá sem þetta skrifar hefur verið og er enn þeirrar skoðunar að það sé fyrirtækjum og heimilum þessa lands afar þungbært að greiða langtímum saman mun hærri vexti en fyrirtæki og heimili nágrannalöndanna þurfa að greiða.

Undanfarin misseri hafa þessir vextir ekki einasta verið hærri en í nágrannalöndunum heldur tvöfalt herra. Óskiljanlegt er hvernig atvinnurekstur okkar á að geta risið undir tvö- til þreföldum vaxtakostnaði keppinautanna í opinni og óheftri samkeppni. Hnattvæðingarnefnd hefur áætlað að vaxtagreiddur fyrirtækja og heimila í landinu yrðu til lengdar á að giska 15 milljörðum króna lægri á ári ef Íslendingar tækju upp evru í stað íslenskrar krónu og er þá ekki tekið tillit til aukins vaxtakostnaðar vegna meiri verðbólgu hér á landi. Augljóst er að undanfarið hefur þessi munur verið miklu hærri tala, því að hvert prósentustig sem munar kostar íslenska skuldara um 11 milljarða króna á ári. Að undanförunu hafa tvenns konar rök verið færð fram fyrir því að þessi mikli munur á vöxtum hér og á evrusvæðinu sé í raun alls ekki slæmur og jafnvel nauðsynlegur.

Rök fyrir háum vöxtum

Mest áberandi eru þau rök að við þurfum nú um stundir að setta okkur við nokkru hærri vexti en nágrannalöndin. Ástæðan sé sú að hér hafi verið svo mikill hagvöxtur að vart finnist dæmi um annað eins. Því miður hafi góðærið óvænt og tímabundið farið úr böndunum og nú þurfum við að setta okkur við háa vexti

um hríð til að bregðast við þessum vanda. Við séum að berjast við of mikinn hagvöxt en ESB löndin séu hins vegar að reyna að sparka í gang einhverjum hagvexti enda sé ekki vanþörf á.

Falsrök

Við Íslendingar erum engir Evrópu-meistarar og þaðan af síður heimsmeistarar í hagvexti þó að íslenskir stjórnálamenn séu iðnir við að fara með slíkt fleipur. Smæstu ríki ESB eins og Finnland, Írland og Luxemborg hafa búið við meiri hagvöxt en við undanfarin ár. Hagvöxtur þessara þjóða byggist þar að auki á traustum grunni og stóru auknum utanríkisviðskiptum en okkar hagvöxtur hefur hins vegar að miklu leyti byggst á aukinni neyslu sem fjármögnuð hefur verið með erlendum lánum. Vextir hér á landi hafa allar götur síðan 1994 verið mun hærri en á evrusvæðinu og bilið hefur sífellt farið brekkandi. Enn er verið að berja á þenslunni með ofurvöxtum þó að hvergi í Evrópu sé spáð minni hagvexti í ár en hér á landi eða -0,5%.



vextir séu því að einungis sé um að ræða færslu milli sparifjareigenda og lántakenda. Ekkert er minnst á þá staðreynd að háir vextir draga úr fjárfestingum og þar með hagvexti og háir fjármagnskostnaður íslenskra fyrirtækja bitnar á samkeppnisstöðu þeirra. Varla hjálpar það sparifjareigendum eða lífeyrissjóðum. Ekki er heldur nefndur til sögunnar vaxtamunur inn- og útlána í íslenska bankakerfinu sem er mjög umtalsverður og hefur hvorki verið föst stærð né hverfandi lítil. Þvert á móti hafa bankarnir notað tækifærið og stóraukið vaxtamun í skjóli fákeppni og hárra grunnvaxta.

Álagningin hækkar í skjóli fákeppni

Þegar eftirspurnin er mikil, samkeppnin lítil og innkaupsverðið hátt og sveiflukennt á kaupmaðurinn auðvelt með að hækka álagninguna og sama gildir um banka sem hafa makið krókinn ótæpilega að undanförunu. Þegar bent er á Íslandsmet í hagnaði tala þeir um hagræðingu í rekstri þótt að allir sjái að skýringin er hækkað vaxtaálag og ekkert annað. Vaxtaálag á endurlánað erlent lánsfé er hins vegar miklum mun minna en álag á innlent lánsfé.

Samkeppni og alvöru mynt breyta stöðunni

En hvernig stendur á þessu mismikla vaxtaálagi? Skýringin er tvíþætt. Á heima-markaði hnoðast bankarnir óáreittir í fákeppni en það er að minnsta kosti samkeppni um stærstu lántakendur að endurlánuðu erlendu lánsfé og þess vegna er vaxtaálagið þar ekki jafn gegndarlaust. Það vantar sárlega meiri samkeppni á innlendan fjármagnsmarkað þar sem heimilin og lítil og meðalstór fyrirtæki sækja sín lán. Sú samkeppni kemur ekki utanfrá á meðan við höldum í krónuna. Í öðru lagi er í viðskiptum með endurlánað erlent lánsfé verið að höndla með nothæfar myntir sem uppfylla þau grunnskilyrði að vera bókhaldseiningar (unit of account), verðmætagæmsla (store of value) og gjaldmiðill í alþjóðlegum viðskiptum (medium of exchange). Ekkert af þessu uppfyllir íslenska krónan og áhættuálagið af því að eiga íslenskar krónur og lána þær er þess vegna ótæpilegt. Þess vegna þarf um alla framtíð að greiða miklu herra vexti af lánum í þeirri mynt. Íslenskir sparifjareigendur eru þó alls ekki betur settir en amerískir eða þýskir sparifjareigendur. Það tapa allir á því að nota ónýta peninga nema íslensku bankarnir að því er virðist.

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

05. tbl. Maí 2002

ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 16.05. 2002

Prentvinnsla: Prenttækni hf.

Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.

Ljósmyndir: Jóhannes Long, Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins

Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík

Sími: 511 5555, fax: 511 5566

Kennitala 511093-2019

www.si.is, e-mail: thora@si.is/thorak@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson

Ritstjóri: Haraldur D. Nelson

Efnisstjóri og umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Málfráslagsgjafi: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr

Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta.

Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir

á að geta heimildar í slíkum tilfellum.

Íslenska krónan er vandamál


Niðurstaðan er sem sé sú að margar smáþjóðir í Evrópu hafa búið við svipadan eða meiri hagvöxt en við án þess að þurfa að ganga í gegnum þær hremmingar gengisfellinga og ofurvaxta sem íslensk heimili og fyrirtæki hafa þurft að þola. Þessir vextir og gengissveiflurnar drepa niður sjálfbærann hagvöxt. Þetta er heimatilbúinn vandi sem að miklu leyti stafar af þeirri ógæfu okkar að burðast með handónýta mynt. Íslenska krónan veldur sveiflum en er ekki nauðsynlegt tæki til þess að bregðast við þeim.

Gott fyrir sparifjareigendur!

Að undanförunu hafa bankamenn geyst fram á völlinn með þau rök að við Íslendingar værum engu bættari með því að taka upp evru þó að íslenskir skuldarar greiddu u.þ.b. 15 milljörðum króna minna í vexti af lánum sínum. Vaxtatekjur sparifjareigenda minnkuðu þá bara um sömu fjárhæð. Menn í æðstu stjórnunarstöðum í stærstu bönkum landsmanna hafa bæði í ræðu og riti haldið því blákalt fram að í raun skipti engu máli hverjir innlendir

Frh. af forsiðu

Íslenska ánægjuvogin



son og Búnaðarbankinn urðu jöfn að stigum og deildu þriðja sætinu.

Íslensk fyrirtæki í öðru sæti

Ef lítið er á meðalánægjuvög þjóðanna hækkar Ísland sig í heild um 1,4 milli ára, fer upp um eitt sæti og er nú í öðru sæti á eftir Finnum en munurinn er aðeins 0,2 og því varla marktækur. Finnar lækka sig hins vegar um 2,3 milli ára og hið sama má segja um Íra sem lækka um 3,1 og falla niður í sjötta sæti en þeir voru í öðru sæti í fyrra. Bandaríkin eru síðan í þriðja sæti og Grikkir í því fjórða.

Mikilvæg mæling

Íslenska ánægjuvogin er félag í eigu Samtaka iðnaðarins, Stjórnvísí og Gallups um þátttöku í Evrópsku ánægjuvöginu. Markmið verkefnisins er að láta fyrirtækjum í té samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina en einnig nokkra aðra þætti sem hafa áhrif á hana s.s. ímynd, mat á gæðum og tryggð viðskiptavina. Mæling sem þessi er talin mjög mikilvæg þar sem rannsóknir hafa sýnt fram á að því ánægðari sem viðskiptavinir fyrirtækis eru því betri afkomu getur fyrirtækið gert sér vonir um.

David Lúðvíksson



Frh. af forsiðu
Útflutningsverðlaun
forseta Íslands

væru veitt verðlaunin fyrir þann árangur sem fyrirtækið hefði náð í sölu og markaðsmálum á samheitalyfjum og lyfjatengdu hugviti og fyrir þá framsýni sem það hefði sýnt í uppbyggingu sinni sem öflugt alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki á sínu sviði.

Verðlaunahafinn fær í hendur sérhannaðan verðlaunagrip og viðurkenningarskjal en auk þess fær hann leyfi til að nota merki verðlaunanna á kynningaefni sitt í fimm ár frá afhendingu þeirra.

Þetta er í fjórtánda sinn sem verðlaunin eru veitt en í úthlutunarnefndinni sitja fulltrúar frá embætti forseta Íslands, Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Landsnefnd alþjóðavæslunarráðsins, Alþýðusambandi Íslands og Útflutningsráði sem ber ábyrgð á framkvæmd og undirbúningi verðlaunaveitingarinnar. Tólf íslensk fyrirtæki hafa áður hlotið útflutningsverðlaunin en þau voru fyrst veitt árið 1989.

Lyfjafyrirtækið Delta hf. var stofnað fyrir rúmum tuttugu árum. Höfuðstöðvar þess og lyfjaverksmiðja eru í Hafnarfirði en það á nú dótturfélög bæði hér á landi, Möltu, Bretlandseyjum og í Danmörku.

Harpa Sjöfn hefur úthlutað 14.000 lítrum af málningu til verðugra verkefna á 5 árum

22 verkefni fá alls 3.000 lítra af málningu á þessu ári



Nú í upphafi sumars úthlutar Harpa Sjöfn 22 málningarstyrkinn til verðugra viðhaldsverkefna en þetta er fimmta árið í röð sem fyrirtækið úthlutar slíkum styrkjum.

Á þessu tímabili hefur Harpa Sjöfn úthlutað 82 aðilum samtals 14.000 lítrum af

málningu til mjög fjölbreyttra verkefna um allt land að fjárhæð 6 milljónir króna. Fjöl- mörög sögufræg hús og mannvirki hafa á undanföllum árum hlotið nýtt og fallett útlit með þessum hætti. Einnig hafa góðgerðarfélög, þjónustuklúbbar, íþróttafélög og aðrir notið málningarstyrkja Hörpu Sjafnar.

Meðal þeirra sem hljóta málningarstyrk Hörpu Sjafnar í ár eru Kjarvalsstofa á Borgarfirði Eystri, gamla síldarverksmiðjan í Djúpuvík, Norska húsið í Stykkishólmi, Blindrafélagið í Reykjavík, Sydstibær - hús Hákarla-Jörundar í Hrísey og Iðnaðarsafnið á Akureyri.

Með þessum hætti vilja forráðamenn HörpuSjafnar hvetja landsmenn til að mála og fegra umhverfi sitt. Harpa Sjöfn leggur metnað í að styðja einstaklinga, félög og samtök sem hafa forystu um góð málefni af þessu tagi. Viðbrögð hafa ekki látið á sér standa og hafa forráðamenn ýmissa menningarfélaga, góðgerðarfélaga og félagasamtaka um varðveislu sögulegra mannvirkja kunnað að meta framlag fyrirtækisins til menningarsögulegra verkefna undanfarin 5 ár.

Er virkni gæðastjórnunar í byggingariðnaði ábótavant?



Í útbodsgögnum á síðustu misserum hafa í auknum mæli verið gerðar kröfur um að fyrirtæki sýni fram á getu sína til að fást við þau verk sem boðin eru út hverju sinni.

Kröfurnar hafa verið settar fram með mjög ólíkum hætti og oft nokkuð háfleygar þar sem ýmis hugtök tengd gæðastjórnun hafa verið notuð með vafasömum hætti.

Þetta á t.d. við:

- þegar krafist er að framleiðsla skuli vera vottuð samkvæmt tilteknu gæðastjórnunarkerfi,
- þegar notuð eru hugtök eins og gæðatryggingarstefna sem ekki er skilgreind í ISO 9000:2000,
- þegar lögð er sama merking í hugtökin gæðakerfi og gæðaaætlun
- þegar ruglað er saman hugtökum um vöruvottun og vottun úttektaraðila gæðakerfa svo að nokkuð sé nefnt.

Fyrirtækin eiga því oft erfitt með að átta sig á hvers óskað er og hætt er við að virkni og eftirfylgni gæðastjórnunar við verklegar framkvæmdir verði hálf máttvæna ef kröfur eru óljósar.

Það vill því oft verða, þegar kemur að raunverulegri notkun gæðastjórnunar sem verkfæris, að allt flosnar upp í óvissum hugtökum og óraunveruleika í stað þess að skilgreinina, leiðbeina og staðfesta það sem gera skal og vera verkfæri til daglegrar skipulagningar og stjórnunar.

Ef kröfurnar eru ljósar og settar fram á einfaldan og skýran hátt eiga fyrirtæki, sem hafa sett góða stjórnun (gæðastjórnun) upp í kerfi (gæðastjórnunarkerfi) mjög auðvelt með að leggja fram gögn til tryggingar því hvernig þau hyggja standa að verki við væntanlegar framkvæmdir.

Með því að leggja fram svokallaða gæðatryggingu, sem ISO 9000:2000 skilgreinir eftirfarandi „sá hluti gæðastjórnunar er beinist að því að veita tiltrú að gæðakröfur muni uppfylltar,“ kynnir fyrirtækið þann hluta gæðakerfisins sem á að tryggja réttan og umsaminn framgang verksins.

Fyrirtæki, sem ekki hafa skilgreint stjórnunarferla sína og sett upp í slíkt kerfi, eiga hins vegar ekki eingöngu erfitt með að leggja fram slíka tryggingu heldur eiga þau ennþá erfiðara með að standa við þau lof-ord sem tryggingin á að fela í sér.

Það er því ekki nægilegt að leggja fram fögur orð á blaði ef góður ásetningur og geta til að framfylgja lofordunum eru ekki fyrir hendi.

Því er áriðandi að kröfur um gæðastjórnun í útbodsgögnum séu settar fram á fagmannlegan hátt en ekki er síður mikilvægt að eftirfylgni af hálfu fulltrúa kaupenda um efnidir þeirra loforða, sem gæðatryggingin boðar, sé markviss og áreiðanleg.

Samtök iðnaðarins munu á næstunni standa fyrir námskeiðum í samvinnu við marga af helstu verkkaupum landsins þar sem þessi atriði eru útskýrd og einfölduð með það að markmiði að bæði verktakar, verkkaupar og eftirlitsmenn leggi sama skilning í þessa hluti.

Markmiðið er ekki síður að gæðastjórnun hætti að vera háfleygt orðagjálfur en verði þess í stað verkfæri til að bæta vinnubrögð, yfirsýn og samskipti í framtíðinni.

Ferdinand Hansen



„Áhrif rafrænna viðskipta á upplýsingaiðnaðinn“

Vorráðstefna Xplor: „Áhrif rafrænna viðskipta á upplýsingaiðnaðinn“ verður haldin föstudaginn 24. maí nk. í veislu- og ráðstefnusal Þróttar í Laugardal.

Ráðstefnugjald fyrir Xplor félagar er 12.000 krónur og 15.000 krónur fyrir aðra. Innifalið er hádegisverður, kaffi og léttar veitingar að hætti Xplor í ráðstefnulok.

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna er einnig að finna á www.si.is, frétt 14. maí.

Upplýsingar um næstu alþjóðaráðstefnu Xplor sem haldin verður í Anaheim CA, er að finna á www.xplor.org

Dagskrá:

- 12.00 - 12.15 Skráning
- 12.15 - 13.00 Hádegisverður
- 13.00 - 13.15 Kynningarávarp (Sveinbjörn Hjálmarsson, forseti Norðurlandadeildar Xplor)
- 13.15 - 14.00 E-commerce and The Impact on The Print industry (Torben Pedersen)
- 14.00 - 14.30 Managing a Mixed Document Production Environment (Jörgen Ulrich)
- 14.30 - 15.00 Design once, deliver anywhere (Rune Hansen)
- 15.00 - 15.15 Kaffihlé
- 15.15 - 15.45 Managing change in a Mixed Document Production Environment (Gösta Andersson)
- 15.45 - 16.15 PDF printing legacy application is it WYSIWYG? (Paul Gerelle)
- 16.15 - 16.45 Upplýsingamiðlun frá Móse til framtíðar (Kjartan Ólafsson)
- 16.45 - 17.00 Xplor Global Conference Anaheim CA, 27. - 30. október
“GET IN THE KNOW” (Sveinbjörn Hjálmarsson)
- 17.00 - 18.00 Léttar veitingar að hætti Xplor.

Aðalfundur Félags vinnuvélaeigenda

Félag vinnuvélaeigenda hélt nýverið aðalfund. Starfssvið félagsins er víðtækt og innan vébanda þess eru 150 fyrirtæki og einstaklingar. Auk hefðbundinna vinnuvélaeigenda er þar m.a. að finna flutningafyrirtæki, kranafyrirtæki, efnisvinnslufyrirtæki og jarðvinnuverktaka.

Að þessu sinni var aðalfundur félagsins haldinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Þangað var farin var hóperð frá Reykjavík og félagsmönnum safnað saman á leiðinni.

Haukur Júlíusson stýrði aðalfundarstörfum af öryggi og hafði raunar allan veg og vanda af heimsókninni enda heimamaður og öllum hnútum kunnugur.

Nokkrar breytingar urðu á stjórn félagsins. Elías Pétursson var kjörinn formaður stjórnar í stað Magnúsar Baldurssonar sem ekki gaf ekki kost á sér til endurkjörs en auk hans gengu úr stjórn þeir Guðmundur Ingimundarson og Logi Vilberg Gunnarsson. Í stað þeirra voru kjörnir Tryggvi Aðalsteinsson, Smári Vilberg Gunnarsson og Ingi Karlsson. Þá var Haukur Júlíusson kjörinn varaformaður.

Að loknum aðalfundarstörfum fór Haukur með fundargesti í Hvanneyrarkirkju og rakti sögu staðarins frá landnámi til okkar daga. Gestum varð ljóst að Hauki var ekkert óviðkomandi og frásögn hans

og efnistöku eru eftirminnileg þeim sem á hlýddu. Einnig var skoðað búvélasafnið á Hvanneyri þar sem Haukur og hans menn hafa lagt hönd á plóg, í orðtaksins fyllstu merkingu, við endurgerð gamalla búvinnuvéla. Þar kennir ýmissa grasa í vélum, tækjum og tólum sem notuð hafa verið í landbúnaði og gestunum gafst tækifæri til að rifja upp gamlar minningar frá því að þeir voru litlir drengir í sveit um miðja síðustu öld. Að lokum var haldið til móttöku í nýju og glæsilegu verkstæðishúsi verktakafyrirtækisins Jörva sem Haukur veitir forystu.



Haukur lokar kirkjudyrunum fyrir þredikun



„Ferskir vindar blésu á fundinum“...



...kátir karlar að loknum venjulegum aðalfundarstörfum

Árni Jóhannsson

Norrænir vinnuvélaeigendur og jarðvinnuverktakar þinga í Reykjavík



Á dögunum héldu samtök norrænna jarðvinnuverktaka og vinnuvélaeigenda árlegan samráðsfund í Reykjavík. Aðildarfélögin skiptast á að halda slíka fundi og nú var komin röðin að Íslandi en þetta var í annað sinn á tíu árum sem fundurinn er haldinn hér á landi.

Norrænu samtökin hafa borið saman bækur sínar um áratuga skeið og miðlað hver öðrum af reynslu sinni. Fundirnir hafa verið Félagi vinnuvélaeigenda ákaflega mikilvægir og félagsmenn notið góðs af þeim. Þar má m.a. nefna ýmislegt varðandi námskeiðshald og útgáfumál en síðast en ekki síst er gæðakerfi það sem SI eru nú að innleiða hjá mörgum félagsmönnum ættað frá systursamtökum félagsins í Noregi.

Árni Jóhannsson



Tómas Ingi Ölbri, menntamálaráðgjafi

Í máli ráðherra kom fram að aukinn hagvöxtur hér á landi ætti mikið undir aukinni menntun, sérstaklega símenntun og rétt menntað starfsfólk væri forsenda bætrar samkeppnisstöðu landsins. Ráðherra upplýsti að fyrir skömmu hefði verið samþykkt reglugerð sem gerði iðnmenntuðum kleift að fá námið metið til framhaldsnáms, m.a. til stúdentsprófs. Framundan væri stefnumörkun menntamálaráðuneytisins í starfsnámi. Hann minntist einnig á viðræður ráðuneytisins við Samtök iðnaðarins um kostnað af vinnustaðanámi en atvinnulífið greiðir nú eitt fyrir þennan þátt iðnnáms.

Um 140 manns sóttu málþing Samtaka iðnaðarins um stöðu iðnmenntunar á Íslandi 22. apríl sl. Af erindum og fyrirspurnum er ljóst að bæta þarf verulega stöðu iðnmenntunar. Í hringborðsumræðum í lok málþingsins var menntamálaráðuneytið hvatt til að taka fast á framkvæmd iðnnámsins.

„Er iðnmenntun óþörf eða órjúfanlegur hluti þekkingarsamfélagsins?“ var yfirskrift málþingsins sem hafði það meginmarkmið

Er iðnmenntun óþörf?

að vekja athygli á vaxandi þörf fyrir iðnmenntað fólk. Sveinsprófum hefur fækkað jafnt og þétt frá árinu 1980 en á sama tíma hefur eftirspurn eftir iðnmenntuðu fólki aukist stig af stigi. Mikil aðsókn á málþing- ið staðfestir að hér er á ferðinni verkefni sem varðar marga. Samtök iðnaðarins líta á þetta málþing sem fyrsta skrefið í því að bæta iðnmenntunina og fjölga iðnmenntuðum til samræmis við fjölgun eftirsóknarverðra starfa í iðnaði.

Vandi atvinnulífsins

Íslenskur iðnaður keppir í vaxandi mæli við framleiðslu fremstu iðnþjóða heims og þarf ávallt að halda vöku sinni til að verða ekki undir í samkeppninni. Til að standast harða alþjóðlega samkeppni þurfa fyrirtækin stöðugt fleiri og betur menntaða iðnaðarmenn til sífellt flóknari og dýrmætari starfa. Umbætur og framfarir á sviði verkmennta eru eitt mesta hagsmunamál Íslendinga á komandi árum og áratugum. Í erindi Gylfa Einarssonar kom fram að iðnmenntun er mikilvæg þekkingarfyrirtækjum til jafns við ýmsa aðra menntun. Góðir iðnaðarmenn vinna metnaðarfull, krefjandi og vel launuð störf. Ungt fólk, sem leitar sér haldgóðrar menntunar, á því góða framtíð fyrir sér á sviði iðnmenntunar.

Í máli Magnúsar Þórs Ásmundssonar, hjá Marel, kom fram að fyrirtækið gerir ráð fyrir 10-15% vexti á ári komandi árum. „Það er erfitt að sjá,“ sagði Magnús, „hvernig það fer saman við þá öfugu fylgni sem virðist vera við nýliðun í röðum iðnlærðra, enda veldur það okkur hjá Marel verulegum áhyggjum.“

Magnús spurði hverjar yrðu afleiðingar þess ef ekki tækist að manna störf í iðnaði. Fyrirtækin standa frammi fyrir fáum valkostum og öllum vondum. Verði ekkert að gert er augljóst að verkefni munu tapast til útlanda með þeim verðmætum sem annars hefðu skapast hér heima. Annar kostur er sá að flytja inn erlent vinnuafli eins og gert

hefur verið undanfarin missiri í ýmsum iðngreinum. Slíkt felur aðeins í sér tímabundna lausn og skapar ekki metnað eða hefð í íslenskum iðnaði. Starfsfólkið tjalda til skamms tíma og reynslan fer með því aftur yfir hafði. Þriðji kosturinn, sem felur í sér lausn til frambúðar, er að byggja upp iðnmenntakerfi til samræmis við það sem gert er í samkeppnislöndunum og tekur mið af þörfum atvinnulífsins og koma á viðtæku samstarfi um að laða unga fólkið að.

Vandi skólakerfisins

Málmiðnaðurinn hefur undanfarin ár átt ýtarlegar viðræður við menntamálaráðuneytið um að stofna sjálfseignarstofnun, Mál- og véltækniskóla Íslands, sem skyldi vera kjarnaskóli málmiðngreina. „Hugmyndin var sú,“ sagði Ingólfur Sverrisson, „að nýjungar og þróun í kennslu væru í einum öflugum skóla sem smitaði frá sér til annarra skóla sem kenna þessar iðngreinar.“ Allir lögðust á eitt og eftir þriggja ára vinnu voru á síðasta hausti lögð samleiginleg samningsdrög að rekstri Mál- og véltækniskóla Íslands fyrir þáverandi menntamálaráðherra.

Þá brá hins vegar svo einkennilega við að ráðuneytið hvarf skyndilega frá hugmyndinni án haldbærra skýringa. Þar með varð trúnaðarrestur milli atvinnulífs og ráðuneytis.

Iðnmenntun milli handverks og tæknifræði

Á málþinginu kom fram að iðnmenntunin hefur verið að þróast frá handverki í áttina að tæknifræði. Þetta gerist vegna aukinnar tæknuiþþbyggingar hjá fyrirtækjum. Skólakerfið hefur ekki fylgt þeirri þróun eftir.

Ingólfur greindi frá lögum um framhaldsskóla frá 1996 sem hann telur góðan grunn að nýsköpun í menntun iðnaðarmanna. Ein 14 starfsgreinaráð, sem skil-





greina eiga þarfir atvinnulífsins fyrir menntun, hafa starfað undanfarin ár. Í ráðunum sitja fulltrúar atvinnulífsins í meirihluta. Þar hefur gætt mikils óþols vegna þess hve hægt hefur gengið að koma á nýjum námskrám og nýjum kennsluháttum í skólum. Þetta óþol atvinnulífsins stafar af því að á sama tíma og iðntækninni fleygir fram er viðbragðshraði menntamálaráðuneytisins of hægur til þess að unnt sé að uppfylla þarfir atvinnulífsins fyrir menntun við hæfi.

Af einstökum iðngreinaflokkum var málmiðnaðurinn kominn einna lengst í því að skilgreina þarfir sínar fyrir framtíðar-fyrirkomulag menntunarinnar. Mál- og véltækniskólinn átti að vera hornsteinn þess. Þegar ljóst varð að framtíðarsýn málmiðnaðarins yrði ekki að veruleika með þessum hætti fór skjálfti um önnur starfsgreinaráð og aðra iðngreinaflokk. Átti það einnig fyrir þeim að liggja að þurfa að byrja aftur á fyrsta reit? Á sama tíma og atvinnulífið er í brýnni þörf fyrir þjónustu menntakerfisins sjást lítil merki þess að raunhæft sé tekið á því verkefni að efla iðnmenntunina.

Aukið samstarf nauðsynlegt

Í erindi Ole Christensen frá Dansk industri kom fram að í hans heimalandi á sér stað öflugt samstarf atvinnulífs, stjórnvalda, námsráðgjafa og annarra um að fjölga iðnmenntuðum. Þar gera stjórnvöld sér ljósa grein fyrir því að menntakerfið er hluti af samkeppnisumhverfi fyrirtækja. Þar er viðurkennt að menntakerfi, sem þjónar vel hagsmunum atvinnulífsins á stóran þátt í aukinni hagsæld.

Í hringborðsumræðum í lok málþingsins var menntamálaráðuneytið hvatt til að taka fast á framkvæmd iðnnámsins og eru bundnar vonir við að nýr menntamálaráðherra láti málið til sín taka.

Ingi Bogi Bogason



Iðnmenntun þarf að efla

*„Setja þarf skýra langtímastefnu í iðnnámi“
segir Árni Ingi Stefánsson hjá ÍAV*

Á hverju ári kemur ungt fólk, jafnt ófaglært sem iðnmenntað, til starfa hjá Íslenskum aðalverktökum. ÍAV byggir afkomu sína á þekkingu starfsmanna og því er fyrsta verkefnið að þjálfra fólk til þeirra starfa sem því eru falin. Það má því segja að Íslenskir aðalverktakar hf. séu starfsmenntaskóli á sviði byggingariðnaðar.

Hjá ÍAV er löng hefð fyrir því að kenna starfsfólki. Eftir síðari heimsstyrjöld, þegar nútímataekni hóf innreið sína í íslenskan byggingariðnað, var stór hluti vinnuvéla- og tækjamanna þjálfaður hjá ÍAV. Fjöldi iðnaðarmanna fór líka utan á vegum fyrirtækisins til frekara náms í ýmsum greinum byggingariðnaðar.

Þessir starfsmenn okkar dreifðust síðar um allt land og bjuggu að þessari þekkingu. Þekking þeirra leiddi af sér að ÍAV flutti inn nýtsku tækjakost sem varð undirstaða rekstrar margra verktakafyrirtækja. Á þennan hátt hefur ÍAV reynst mörgum starfsmönnum í byggingariðnaði eins konar skólafyrirtæki.

Þekkingin eigi greiða leið

Þekking og þjálfun starfsfólks er forsenda fyrir samkeppnishæfni fyrirtækjanna. Það er því öllum fyrirtækjum nauðsynlegt að fá til sín óhindrað sístreymi þekkingar. Ýmsir möguleikar eru til þess að tryggja að nýjasta þekking eigi greiðan aðgang að

starfsmönnum, m.a. með stöðugri endurmenntun. Grunnur að góðri endurmenntun er hins vegar lagður með góðu iðn- og verknámi á framhaldsskólastigi. Tryggja verður með einhverjum hætti að markviss og stöðug stefna stjórnvalda í starfs- og iðnmenntun liggja fyrir til langs tíma. Eins þarf að tryggja verkmenntaskólum landsins möguleika til að starfa í anda þessarar stefnu.

Við eigum langa hefð fyrir iðnmenntun á Íslandi. Það er enginn vafi á því að iðngreinarnar hafa verið mikilvægar í iðnþróun hér á landi. En iðnmenntunin má ekki staðna. Það er ljóst að hún þarf að þróast í takt við þarfir atvinnulífsins.

Skýr stefna í iðnmenntun nauðsynleg

Nauðsynlegt er að formbinda ýmiskonar nám sem núna á sér stað úti í fyrirtækjunum. Gera þarf verkmenntaskólum kleift að kenna nýja tækni jafnóðum og hún er tekin upp hjá fyrirtækjunum. Til að svo megi verða þarf að marka skýra stefnu um iðnnám til langs tíma.

Skýr stefna í iðnnámi leiðir af sér að samstarf um frekari þróun þess verður skilvirkara og þeir, sem koma að málinu, þekkja betur sitt hlutverk.

Aðalatriðið er að hagsæld einstaklinga, fyrirtækja og þjóðfélags eykst með þróaðri iðnmenntun.

*Árni Ingi Stefánsson,
starfsmannastjóri ÍAV*



Ályktun stjórnar SI um iðn- menntun

Í kjölfar málfpins um málefni iðnmenntunar samþykkti stjórn Samtaka iðnaðarins ályktun. Þar segir m.a.

Brýna nauðsyn ber til að atvinnulíf og stjórnvöld leggist á eitt um að snúa þessari öfugþróun við. Mikilvægt skref í þá átt er að hrinda sem fyrst í framkvæmd nýju fyrirkomulagi iðnmenntunar sem byggist á lögnum frá 1996. Starfsgreinaráð fjölmennustu iðngreinnanna hafa lokið, eða eru að ljúka, endurnýjun námskráa. Öll tormeðki eru á því að námskrárnar geti orðið að veruleika ef námsefni og aðbúnaður skóla verður ekki bætt.

Ljóst er að nýsköpun í iðnmenntun kallar á auknar fjárveitingar. Breyta þarf reiknilíkani ráðuneytisins þannig að það sýni raunverulegan kostnað af kennslu iðngreina. Aukin fjárfesting í iðnmenntun mun skila sér í hæfara og verðmætara starfsfólki og í samkeppnishæfari fyrirtækjum.

Samtök iðnaðarins ætlast til þess að menntamálaráðuneytið fylgi því fast eftir að nýtt fyrirkomulag iðnnáms, sem byggist á vinnu starfsgreinaráðanna, verði að veruleika sem fyrst.

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að upplýsa ungt fólk um kosti iðnnáms og starfa í iðnaði og lýsa sig reiðubúin til samstarfs við framkvæmdavaldið og aðra áhugasama aðila um að hefja iðnmenntun til vegs og virðingar á Íslandi.

Norræni gestir heimsækja prentfyrirtæki



Í heimsókn Hjá Guðjóni Ó

Nokkrir fulltrúar frá samtökum norræna blaðaútgefenda og prentsmiðja voru hér á ferð í byrjun apríl. Samtök iðnaðarins skipulögðu heimsókn þeirra í tvö íslensk fyrirtæki í prentiðnaði og héldu fund með hópnum. Hinir erlendu gestir eru sérfræðingar í umhverfismálum og hafa þau á sinni könnu hjá samtökum sínum.

Starfsumhverfi til fyrirmyndar

Fyrirfram hafði hópurinn óskað eftir því að fá að heimsækja tvær prentsmiðjur, dagblaðaprentsmiðju og hefðbundna prentsmiðju, sem fylgja mótaðri stefnu í umhverfismálum. Farið var með hópinn til Morgunblaðsins og prentsmiðjunnar Hjá Guðjóni Ó og fengu gestirnir höfðinglegar viðtökur á báðum stöðum. Þeir voru á einu máli um að umhverfisstefna beggja prentsmiðjanna væri til fyrirmyndar og áttu varla orð yfir það hreina og vistlega starfsumhverfi sem við blasti.

Skiptar skoðanir um Hvíta svanninn

Í kjölfar heimsókna kom hópurinn saman til fundar í húsakynnum SI að Hallveigarstíg og þar skýrðu gestirnir frá umhverfisstefnu og verkefnum henni tengdum í hverju landi fyrir sig. Á fundinum kom fram mikil gagnrýni á Norræna umhverfismerkið, Hvíta svanninn, og margir fundarmanna töldu Svaninn of dýran fyrirtækjum og skriffinnskuna í kringum hann allt of mikla. Sumir töldu að stofna nýjan evrópskan staðal um umhverfismerki fyrir prentiðnaðinn en aðrir hölludust að því að vænlegra væri að nýta þá vinnu sem þegar hefur átt sér stað í tengslum við Svaninn og reyna frekar að lagfæra það sem betur mætti fara. Hvíti svanurinn ætti síðan að verða fyrirmynd að evrópsku umhverfismerki innan prentiðnaðarins.

Haraldur Dean Nelson
Ólafur Kjartansson



Í fyrirlestrarsal Mbl. (t.v. Ásdís Asgeirsdóttir)

Plastiðnaðarnámskeið Sets ehf. á Selfossi:

Fyrsta námskeið sinnar tegundar

Sextán starfsmenn rörafyrirtækisins Sets ehf. á Selfossi luku nýlega fjögurra vikna námskeiði um störf í plastiðnaði. Fræðslunet Suðurlands skipulagði námskeiðið sem var haldið í húsa-kynnum Sets við Eyraveg.

Námsefnið lagað að þörfum Sets

Að sögn Bergsteins Einarssonar, framkvæmdastjóra Sets, sem var meðal þátttakenda í námskeiðinu, kviknaði hugmyndin að slíku námskeiði fyrir einu eða tveimur árum. „Fyrirtækið hefur vaxið mikið allan síðasta áratug og við vorum að ljúka mikilli uppbyggingu á sviði tækni og aðstöðu. Okkur fannst því tilhlýðilegt að huga að þjálfun starfsmanna og skipulagsmálum innan fyrirtækisins eftir allt breytingaferlið. Þá kom upp sú hugmynd að rétt væri að efna til sérstaks námskeiðs um plastiðnað. Önnur ástæða er sú að plastiðnaðurinn á sér engan stað í iðnfræðslukerfinu þannig að plastiðnnám er ekki skilgreint nám innan þess. Okkur fannst líka spennandi að fá kennsluefni sem er sérstaklega lagað að þörfum fyrirtækisins og starfsmenn tóku hugmyndinni vel.“

Gott samstarf við Fræðslunet Suðurlands

Bergsteinn sagði að víða hefði verið komið við í náminu enda hefðu þátttakendur setið við fjórar stundir fjóra daga í viku í rúman mánuð. Jón Hjartarson, forstöðumaður Fræðslunets Suðurlands, ætti mikinn heiður skilinn fyrir að koma námskeiðinu á fót. Hann hefði haldið málinu vakandi frá því að hugmyndin vaknaði og skipulagning og framkvæmd námskeiðsins

hefði að mestu verið á könnu Fræðslunetsins.

Styrkur frá Landsmennt

Að sögn Bergsteins er gert ráð fyrir að Landsmennt styrki verkefnið vegna starfsmanna sem eru félagar í verkalyðsfélögum en fyrirhugað er að leita fjármögnunar hjá fleiri stéttarfélögum enda er gert ráð fyrir að halda sambærilegt námskeið fyrir annan hóp innan fyrirtækisins að ári. Nú stendur til að gerð verði rækileg úttekt á námskeiðinu og greina hvað tókst vel og hvað megi betur fara.

Þeir starfsmenn, sem sækja næsta námskeið, munu því njóta þess að þá verður búið að laga námsefnið enn betur að þörfum fyrirtækisins og starfsmanna þess.

Starfsmenn ánægðir með framtakið

Þeir starfsmenn, sem spurðir voru álits, sögðust ánægðir með framtakið og það

Bergsteinn Einarsson
framkvæmdastjóri
Sets ehf.



hefði að flestu leyti tekist vel. Sigríður Gunnarsdóttir, gæðastjóri Sets, sagði að námsefnið hefði verið fjölbreytt. Tekið hefði verið á helstu þáttum varðandi plast, vélbúnað, vinnuferli og góðar verklagsreglur. Ennfremur hefði verið fjallað um samskipti á vinnustað og öryggismál. Sigríður sagðist hafa öðlast meiri yfirsýn yfir starfseminu og námið yrði starfsmönnum aukin hvatning til að leggja sig enn betur fram í starfi og lagfæra það sem betur mætti fara. Námskeiðið hefði þjappað starfsmönnum saman og þeir yrðu virkari eftir en áður. Hún hefði lært margt og taldi æskilegt að haldið yrði áfram á þessari braut.

Þóra Kristín Jónsdóttir



Ánægðir nemendur með viðurkenningarskjöl að námskeiði loknu

Bætt verklag við opinber útboð

Starfshópur á vegum Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja og Ríkiskaupa skilaði nýlega tillögum að bættu verklagi við opinber útboð á sviði hugbúnaðarkerfa. Forsaga þessa starfs er sú að nokkur aðildarfyrirtæki SÍH bentu á ýmsa vankanta sem komið hafa í ljós við framkvæmd slíkra útboða. Þar voru nefnd atriði eins og krafa um eignar- og höfundarrétt, óljós rök fyrir vali á verktaka, kostnaðaráætlanir voru ekki lagðar fram, kerfislýsingar óskýrar og rammisamningar ekki virtir og einungis nýttir til verðkannana.

Í kjölfar þess áttu fulltrúar úr stjórn SÍH fund með forráðamönnum Ríkiskaupa þar sem ákveðið var að tilnefna vinnuhóp til að fara yfir ferli hugbúnaðarútboða með það að leiðarljósi að koma upp verklagsreglum og sameiginlegum skilningi á skilmálum þeirra.

- Starfshópurinn leggur áherslu á að eftirfarandi atriði verði fest í sessi í stöðluðu verkferli (gátlista) Ríkiskaupa við framkvæmd útboða á sviði hugbúnaðargerðar.
- Vinnuframlag verkkaupa, ráðgjafa og/edá Ríkiskaupa f.h. verkkaupa á útboðstíma og framkvæmdatíma samnings liggi fyrir í upphafi verkefnis og þess getið í útboðsgögnum.
- Kostnaðaráætlun liggi fyrir við opnun tilboða og verði birt á opnunarfundi.
- Áætlun um fjármögnun verkefna liggi fyrir í útboðsgögnum. Sérstaklega sé þess getið ef fyrirsjáanlegar eru takmarkanir á fjármögnun verkefna sem spanna lengri tíma en svo að verklok séu fyrirsjáanleg innan fjárlagaárs.
- Í útboðsgögnum sé þess gætt að vísan í staðla og hugtakanotkun sé skýr.
- Áhersla verði lögð á að þarfalýsingar /kröfulýsingar séu eins hnitmiðaðar og skýrar og kostur er.
- Ríkiskaup kanni möguleika á að ráðast í tilraunaverkefni um tveggja þrepa útboð á sviði hugbúnaðargerðar þar sem gæði lausnar eru metin áður en verðhluti tilbods er opnaður.
- Ríkiskaup kanni fýsileika þess að koma upp flokkunarkerfi verkefna á sviði upplýsingatekni, þar sem verkefni eru

staðsett í tilteknum flokki með tilliti til eðlis og umfangs.

- Ríkiskaup vinni að flokkun ráðgjafa og formfesti kröfur sem til þeirra eru gerðar.
- Ríkiskaup vinni að því að innleiða formlegar starfsaðferðir verkefnastjórnunar við framkvæmd útboða og áhersla lögð á heildarumsjón verkefna, þ.m.t. samningsstjórnun og eftirlit með framkvæmd samninga.
- Ábendingar um skýrar leikreglur við framkvæmd útboða
- Ríkiskaup hugi sérstaklega að eftirfarandi þáttum við framkvæmd útboða á sviði hugbúnaðar:
- Að kröfur, sem gerðar eru til bjóðenda um reynslu og fjárhagslegan styrk, séu ætíð í takt við eðli og umfang verkefna.

Matsreglur og fyrirkomulag á mati lausna liggi fyrir í útboðsgögnum. Með þeim hætti er unnt að tryggja sameiginlegan skilning verkkaupa og væntanlegra bjóðenda á því hvað lagt verður til grundvallar við mat á lausnum og tryggja þar með gegnsæi við matið.

Ítarleg sundurliðun þeirra liða, sem ráða samsetningu einkunna fyrir einstök valatriði, þarf að liggja fyrir eigi síðar en á opnunarfundi.

Um eignarhald og höfundarrétt

Lagt er til að viðkomandi ráðuneyti hafi frumkvæði að því að kalla saman hóp sérfróðra manna um höfundarréttarmál til að móta texta þar sem tekið verði á eignar- og höfundarrétti í útboðsgögnum. Sameiginlegur skilningur kaupanda og seljanda verði skýr og hagsmunir beggja verði tryggðir.

Hópurinn bendir einnig á nokkur atriði sem huga ætti að við endurskoðun laga og reglugerða um opinber útboð. Þá er lögð áhersla á mikilvægi leiðbeiningarrita við framkvæmd opinberra innkaupa og að þau séu aðgengileg og haldið við í samræmi við þróun upplýsingatekninnar. Slíkar útgáfur verða einnig að endurspeglja það lagalega umhverfi sem innkaupum ríkisins er búið á hverjum tíma.

Skýrslu starfshópsins er að finna á vefjum SI www.si.is og www.ut.is.

Guðmundur Ásmundsson

Guðnabakarí á Selfossi færir út kvíarnar



Guðni Andreason, bakameistari og Björg Óskarsdóttir kona hans opnuðu fyrir skömmu nýja brauð- og kökubúð sem hlotið hefur nafnið Guðnabakarí Café/Konditori. Þau hjón hafa um árabíl rekið bakarí og kökubúð á Selfossi en hinn 1. júlí næstkomandi verða liðin 30 ár síðan þau hófu rekstur Guðnabakarís við Austurveg. Stöðugildi eru nú um 15 í báðum fyrirtækjunum.

Nýjungar á boðstólum

Híð nýja bakarí er til húsa að Eyravegi 32 í nýju íbúða- og iðnaðarhverfi. Þar hafa eigendurnir tekið upp ýmsar nýjungar, eru til dæmis með matreiðslumeistara í þjónustu sinni sem reiðir fram ýmsa girnilega smárétti svo sem fylltar pönnukökur, súpu í brauðkollum, pastarétti og bökur. Að sögn Guðna hefur eftirspurn eftir slíkum réttum aukist hröðum skrefum á undanförunum árum.

Góðar viðtökur

Guðnabakarí Café /Konditori er mjög rúmlegt og þar hefur verið komið fyrir nokkrum borðum og stólum svo að viðskiptavinir geti nýtt góðgætisins á staðnum. Guðni segir viðtökur hafa verið mjög góðar og að mjög gestkvæmt hafi verið bæði í morgunkaffi og um hádegisbil enda mannmargir vinnustaðir í nágrenninu. Selyfssingar hafa haft á orði að Café/Konditori sé kærkomin viðbót við viðveitingahúsaflóruna á Árborgarsvæðinu.

Bóra Kristín Jónsdóttir

Þekkingarreikningsskil og skráning þekkingarverðmæta



Á aðalfundi Samtaka íslenskra hugbúnaðarfirmatækja sl. haust kynnti Eggert Claessen framkvæmdastjóri hjá Tölvumiðlun hugtakið þekkingarstjórnun og hvernig standa mætti að skráningu þekkingarverðmæti innan fyrirtækja.

Erindi Eggerts vakti mikla athygli og í framhaldinu var samþykkt að hann fengi umboð stjórnar SÍH til að útfæra frekar hugmyndir um staðlaða framsetningu þekkingarverðmæta hjá upplýsingatækni-fyrirtækjum innan SI. Vinnuhópur á vegum SÍH vinnur nú að útfærslu staðlaðrar þekkingarskýrslu sem væntanlega verður kynnt UT-fyrirtækjum í haust.

Þekkingarreikningsskil

Vinnuhópurinn leggur til að afrakstur skráningar þekkingarverðmæta verði færður í sérstaka þekkingarskýrslu eða þekkingarreikningsskil sem fylgi hefðbundnum reikningsskilum. Í stað þess að horfa einungis til bókhaldsupplýsinga, eins og nú er gert, leiði þessi sameinuðu reikningsskil til þess að unnt verði að bera saman þekkingarfyrirtæki með sem tryggustum hætti.

Til eru margar aðferðir við framsetningu þekkingarverðmæta. Því er mikilvægt að hagsmunaaðilar sinni þessu starfi til þess að tryggja að þekkingarreikningsskil verði að veruleika og að þau séu sett fram með þeim hætti að fyrirtæki og stofnanir geti notað upplýsingarnar á sambærilegan hátt.

Hagsmunaaðilar

Fjárfestar: Með þekkingarreikningsskilum fá fjárfestar tækifæri til að nota raunverulega mælikvarða á áður huglæga þætti. Með þeim hætti er betur hægt að rökstyðja væntingar um gengi fyrirtækja og á hverju markaðsverð þeirra byggist. Þetta er mikilvægt þegar margir fjárfestingarkostir eru í boði og í raun ómetanlegt hjálp artæki fyrir fjárfesta til þess að meta fjárfestingarkosti á sambærilegan hátt.

Viðskiptavinir/birgjar: Skráning þekkingarverðmæta gefur viðskiptavinum

fyrirtækis kost á að kynna sér og meta þekkingarlega getu fyrirtækisins og þannig valið samstarfsaðila sem er ekki aðeins fjárhagslega traustur heldur býr einnig yfir þeirri þekkingu sem er honum nauðsynlegt til þess að geta sinnt tilteknum verkefnum.

Starfsmenn: Það hlýtur að vera stefna fyrirtækja að hafa sem hæfustu starfsfólki á að skipa og að vinnustaðurinn sé áhuga-verður. Skráning þekkingarverðmæta auðveldar núverandi og verðandi starfsmönnum að meta stöðu sína og fyrirtækisins til þess að geta fylgt þeirri stefnu og þannig haft áhrif á frumkvæði og framþróun fyrirtækisins.

Fyrirtækið: Með því að öðlast aukinn skilning á þekkingarlegri getu sinni ættu fyrirtæki að geta bætt ímynd sína, ekki aðeins gagnvart sjálfum sér heldur einnig umhverfi sínu. Með þekkingarreikningsskilum koma í ljós verðmæti sem áður voru dulin en hafa jafnvel úrslitaáhrif á arðsemi og tilvist fyrirtækisins.

Mælikvarðar

Grundvallarspurningin er sú hvort hægt sé að meta þekkingarverðmæti til fjár? Hvaða reiknireglur á að nota og er til eitt-hvert nothæft líkan? Hvernig er hægt að bera þessi verðmæti saman milli áþekkra fyrirtækja með tilliti til fjárfestinga eða mats á árangri? Þessar spurningar og fleiri blasa við þeim sem ætla að setja saman slík þekkingarreikningsskil. Þar sem ekki er til algilt eða viðurkennt svar er nauðsynlegt að leggja í þá vinnu að skilgreina útlit og innihald þeirra þannig að það nýtist sem flestum.

Þekkingarreikningsskil eru hugsuð sem viðbót við hefðbundin reikningsskil. Segja má að þekkingarhlutinn skapi nýjar víddir í reikningsskilunum. Þær viðbótarvíddir gætu verið þrjár:

- Í fyrsta lagi er mannauður - sá hluti þekkingarverðmætanna sem býr í starfsmönnum sjálfum. Mælikvarðar gætu t.d. verið hlutfall erlendra starfsmanna, meðalaldur, meðalstarfsaldur,

starfsmannavelta og menntun.

- Í öðru lagi er skipulagsauður - sá hluti þekkingarverðmæta sem tekist hefur að fanga í innra skipulagi, ferlum og upplýsingakerfum fyrirtækisins.
- Í þriðja lagi er markaðsauður - felst í viðskiptavild sem er mæld í fjölda viðskiptavina, samninga, vörumerkja auk annarra atriða sem tryggja afurðum fyrirtækisins markaðsaðgang í framtíðinni.

Með markvissu þekkingarmati, samkvæmt ofangreindu, er leitast við að finna stað þeim kennistærðum sem gefa vísbendingar um þekkingarauð fyrirtækis. Margfaldur munur bókfærðs virðis og markaðsvirðis á sér oftast en ekki skýringar sem rekja má til þessara þátta. Þannig er hægt að mæla og rökstyðja þennan mun að einhverju leyti. Mismunur á bókfærðu virði og markaðsvirði byggist á væntingum til mannauðs þekkingarfyrirtækja og því hve vel uppbyggð upplýsingakerfin eru með tilliti til markaðssóknar.

Þekkingarskýrslan

Þekkingarskýrslan er afrakstur þekkingarreikningsskila. Skýrslan lýsir þekkingarviddunum þremur og til stuðnings fylgir tafla með helstu kennistærðum sem styðja meginmálið. Af samkeppnisástæðum getur sú tafla ekki sýnt alla sundurliðun sem hægt er að finna. Hins vegar sýnir hún hlutföll sem gefa tiltekna vísbendingar til stuðnings fullyrðingum í meginmáli. Þessu má líkja við sundurliðun í bókhaldi sem er öllu meiri en lesendur fá að sjá í ársskýrslum fyrirtækja. Þekkingarskýrsla gæti falið í sér eftirfarandi atriði:

- Stutt lýsing á fyrirtækinu
- Framtíðarsýn og stefnumótun
- Mannauður
- Markaðsauður
- Skipulagsauður
- Fjárhagsleg markmið

Guðmundur Ásmundsson

Skekkja í byggingarvísitölu

Í bréfi Hagstofunnar til Samtaka iðnaðarins kemur fram að byggingarvísitalan sem gildi í júní 2001 hefði með réttu átt að vera um 0,9% hærri en sú sem gefin var út.

Forsaga málsins er sú að í fréttatilkynningu Hagstofunnar nr. 11/2002 frá því 21. janúar 2002 var greint frá 4,4% hækkun vísitölu frá fyrra mánuði. Þar sagði svo: „Þá eru nú einnig taldar með launabreytingar múrara og pípulagningamanna sem urðu á árinu 2001 en Hagstofan hefur ekki haft vitneskju um fyrr.

Þar sem fjöldi samninga, ekki síst í byggingariðnaði, er miðaður við þróun byggingarvísitölu getur skekkja af þessari tagi haft veruleg áhrif á greiðslur samkvæmt samningum sem miðast við vísitölu. Þess vegna ákváðu Samtök iðnaðarins að óska eftir því við Hagstofuna að hún reiknaði út hverju hefði munad hefðu launabreytingar múrara og pípulagningamanna verið teknar með í útreikning vísitölu á réttum tíma.

Í svari Hagstofunnar dagsettu 30. apríl sl. segir: „Þær launabreytingar sem hér er vísað til varða kjarasamninga sem gerðir voru í apríl 2001 en Hagstofunni var ekki kunnugt um tilvist þeirra fyrr en í janúar árið 2002. Þessir samningar hefðu að öllu

jöfnu verið teknir með í útreikning byggingarvísitölu í maí árið 2001 þegar júnívísitalan var reiknuð. Hagstofan hefur áætlað áhrif þessara launabreytinga á byggingarvísitölu miðað við 7,4% hækkun á mælieiningum sem leiðir til um 0,9% hækkunar á byggingarvísitölu. Samkvæmt því hefði byggingarvísitalan sem gildi í júní 2001 verið um 0,9% hærri og byggingarvísitalan í febrúar 2002 að sama skapi hækkað 0,9% minna en raunin varð.”

Samkvæmt svari Hagstofunnar hefur byggingarvísitalan því í rauninni verið 0,9% of lág í hálf t. Þetta kann að þykja óverulegt en getur þó skipt talsverðu máli ef um háar greiðslur hefur verið að ræða á tímabilinu sem miðast áttu við þróun byggingarvísitölu.

Mikilvægt er að vísitölur, sem opinberir aðilar gefa út og eru notaðar sem viðmið í samningum, séu sem réttastar. Gera verður þá kröfu til þeirra sem reikna út opinberar vísitölur af þessu tagi að þeir gangi úr skugga um að þær upplýsingar, sem þeir styðjast við, séu þær nýjustu hverju sinni. Annars þjóna vísitölurnar ekki tilgangi sínu, a.m.k. sem viðmiðanir í viðskiptum.

Jón Steindór Valdimarsson

Börnin með í vinnuna



Þau Hildur Jónsdóttir, Berglind Ólafsdóttir og Orri Gunnarsson heimsóttu Samtök iðnaðarins hinn 26. mars síðastliðinn.

Tilfellið var að Auður í krafti kvenna hafði tileinkað dætrum Íslands þann dag, eins og það var orðað. Foreldrar voru hvattir til að taka börnin með sér í vinnuna og vinnustaðirnir til að taka vel á móti þeim. Hins vegar þótti SI eðlilegt og sjálf-sagt að gera ekki upp á milli kynjanna og buðu synina einnig velkomna til að kynna starfsvettvangi foreldra sinna. Samtökin færa þeim bestu þakki fyrir komuna.

Kjötmeistari Íslands 2002

Fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna um titilinn Kjötmeistari Íslands

var haldin í tengslum við sýninguna Matur 2002. Alls tóku 40 kjötiðnaðarmenn þátt í keppninni en Arnar Guðmundsson hjá Norðlenska hlaut flest heildarstig og hreppi því titilinn Kjötmeistari Íslands þetta árið en vörur hans fengu 294 stig af 300 mögulegum sem

þykir frábær árangur. Metnir voru fjölmargir þættir kjötvara, s.s. innra og ytra útlit, bragð og handbragð en í keppnina bárust alls 140 vörutegundir. Þær voru flokkaðar í 6 keppnisflokkar en hverjum keppanda var heimilt að senda eina vöru í hvern flokk.

Xplor
2002

Rafrænt skráningarform er á vef okkar:

xplor.netheimar.is